

## URÐUNARSVÆÐI Á BÚÐARÖXL, VOPNAFIRÐI

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum

### HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Skipulagsstofnun telur að mest hættu sé á neikvæðum áhrifum framkvæmdanna vegna foks annars vegar og mengaðs afrennslis hins vegar. Skipulagsstofnun telur að tiltölulega einfalt sé að koma í veg fyrir fok úrgangs með vönduðu verklagi sem og með því að reyna að hreyfa ekki við sorpinu í miklum vindi. Skipulagsstofnun telur viðbúið að sigvatn af urðunarsvæðinu muni bera einhver merki þess að lífrænn úrgangur sé urðaður á svæðinu. En með fyrirhuguðum ráðstöfunum um að leiða vatn ofan urðunarsvæðisins fram hjá því ásamt því að leiða sigvatnið í gegnum síubeð áður en það berst í Skógalón verði dregið verulega úr gegnumstreymi vatns um svæðið og hættu á mengun Skógalóns. Skipulagsstofnun telur þær ráðstafanir mjög til bóta og líklegar til að draga mjög úr þeirri mengun sem annars gæti borist í Skógalón.



# Skipulagsstofnun

Reykjavík, 16. apríl 2014

## 1 INNGANGUR

### 1.1 ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Þann 9. janúar 2014 sendi Teikn – ráðgjöf og hönnun, f.h. Vopnafjarðarhrepps, frummatsskýrslu um urðunarsvæði á Búðaröxl, Vopnafirði til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 22. janúar 2014 í Lögbirtingablaðinu og Fréttablaðinu og 23. janúar í Dagskránni á Egilsstöðum. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 22. janúar til 6. mars 2014 á Bókasafni Vopnafjarðar og skrifstofu Vopnafjarðarhrepps, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á Netinu: [www.teikn.is](http://www.teikn.is) og [www.vopnafjarðarhreppur.is](http://www.vopnafjarðarhreppur.is). Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Vopnafjarðarhrepps, Minjastofnunar Íslands, Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Umhverfisstofnunar. Skipulagsstofnun sendi umsagnirnar til framkvæmdaraðila.

Þann 18. mars 2014 sendi Teikn – ráðgjöf og hönnun f.h. Vopnafjarðarhrepps matsskýrslu um urðunarsvæði á Búðaröxl, Vopnafirði til Skipulagsstofnunar og óskað eftir álitni stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Skipulagsstofnun sendi fyrirspurn til framkvæmdaraðila þann 15. apríl og barst svar við fyrirspurninni þann 16. apríl 2014.

### 1.2 GÖGN LÖGD FRAM VIÐ ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

**Frummatsskýrsla.** Urðunarsvæði á Búðaröxl Vopnafirði, Teikn ráðgjöf og hönnun. 9. janúar 2014.

**Umsagnir bárust frá:**

- Vopnafjarðarhreppi með bréfi dags. 21. febrúar 2014.
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 7. febrúar 2014.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 10. febrúar 2014.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 12. febrúar 2014.

Engin athugasemd barst á kynningartíma.

**Matsskýrsla:** Urðunarsvæði á Búðaröxl Vopnafirði, Teikn ráðgjöf og hönnun. 18. mars 2014.

## 2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Í matsskýrslu kemur fram að framkvæmdin feli í sér áframhaldandi rekstur og stækkun núverandi urðunarsvæðis úr 3,3 ha í 7,9 ha og heimild til að urða allt að 1.000 tonn af úrgangi á ári. Urðunarstaður Vopnafjarðarhrepps sé staðsettur vestan þéttbýlisins á Vopnafirði á Búðaröxl á Kolbeinstanga í um 30 m.y.s., undir og norðan við kletthrygg, sem sé í um 70-105 m.y.s. Að austan afmarkist urðunarsvæðið af Lónsbrekku og Skógalóni. Þjónustusvæði urðunarstaðarins sé Vopnafjarðarhreppur með samtals 687 íbúum á rúmlega 1913 ferkílómetra landsvæði.

Fram kemur að núverandi urðunarsvæði hafi verið lengi í notkun. Óbrennanlegt sorp hafi verið urðað þar á árunum 1970-1996 en skipuleg urðun alls sorps hófst á Búðaröxl árið 1996. Hollustuvernd ríkisins, nú Umhverfisstofnun, veitti Vopnafjarðarhreppi starfsleyfi til að meðhöndla heimilis- og rekstrarúrgang, allt að 500 tonn á ári, til 5. september 2012 en vegna umsvifa í fisk- og sláturvinnslu síðastliðin ár hefur magn úrgangs til urðunar farið yfir þau mörk. Magn lífræns úrgangs eitt og sér sem urðaður sé ár hvert sé nálægt 400 tonnum. Því sé ljóst að sækja þurfi um aukna urðunarheimild á meðan ekki séu aðrar ásættanlegar lausnir á förgun úrgangs til staðar í landshlutanum.

Fram kemur að stækkun urðunarsvæðis feli í sér að lóðamörk færist um 190 metra í suðvestur frá núverandi mörkum. Hið stækkaða urðunarsvæði nái yfir fullgróid graslendi sem sé kargaþýfi á landi sem halli lítið eitt til austurs en einnig nái það yfir mel og lítinn skika af gömlu túni. Núverandi starfsemi á urðunarsvæðinu felist í urðun á almennu sorpi frá fyrirtækjum og heimilum. Fyrirhuguð framkvæmd feli ekki í sér breytingu á þessu fyrirkomulagi enda fari móttaka og flokkun úrgangs fram á lóð áhaldahúss Vopnafjarðarhrepps og þaðan fari stærsti hluti hráefnisins áfram til endurvinnslu. Ekki sé gert ráð fyrir mannvirkjum á urðunarsvæðinu utan girðinga og jarðvegsmána sem muni liggja umhverfis.

**Samræmi við lands- og svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.** Í matsskýrslu kemur fram að í samræmi við lands- og svæðisáætlun hafi sveitarfélagið tekið upp upprunaflokkun úrgangs og með því hafi magn almenns úrgangs til urðunar dregist saman. Leitað sé ásættanlegra leiða fyrir förgun sláturúrgangs í landshlutanum og í tillögu svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Austurlandi sé lagt til að Vopnafjarðarhreppur nýti sláturúrgang eins og hægt sé í framleiðslu loðdýrafóðurs. Jafnframt að kannaðir verði möguleikar á miðlægri jarðgerð sem taki mið af þeim lífræna úrgangi sem ekki nýttist í loðdýrafóður og fiskimjölsframleiðslu. Ljóst sé að á næstu árum verði sveitarfélagið að leggja mikla áherslu á að finna annan farveg fyrir lífbrjótanlegan heimilis- og rekstrarúrgang, eigi markmið landsáætlunar, svæðisáætlunar og reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs að nást. Þar kemur fram að eigi síðar en 2020 skuli heildarmagn lífbrjótanlegs heimilis- og rekstrarúrgangs vera orðið 35% af því sem það var árið 1995. Meira sé urðað af lífrænum úrgangi en landsáætlun og reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 geri ráð fyrir enda sé í þeirri áætlun ekki gert ráð fyrir auknum umsvifum í rekstri sláturhúsa eða tilfærslu á slátrun milli sveitarfélaga. Meiri slátrun á svæðinu geri það að verkum að meira sé urðað af lífrænum úrgangi nú en gert hafi verið ráð fyrir í fyrri áætlunum. Til að ná markmiðum sem sett hafi verið um magn lífræns úrgangs sem fari til urðunar þurfi að ráðast í frekari flokkun úrgangsins frá heimilum og fyrirtækjum og koma honum til endurvinnslu. Stefnt er að því að lífrænn úrgangur frá slátrun og fiskvinnslu minnki jafnt og þétt. M.a. með því að auka nýtingu í sláturhúsi og fiskvinnslu eins og hægt er.

Fram kemur að ekki verði gassöfnun á Búðaröxl en fyrir liggur bréf frá Umhverfisstofnun til Umhverfissráðuneytisins um að stofnunin geri ekki athugasemdir við að urðunarstaðnum verði veitt undanþága frá kröfum um söfnun hauggass þar sem urðunin þjóni afskekktri byggð sbr. 26. gr. reglugerðar um urðun úrgangs nr. 738/2003. Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun verði undanþágan afgreidd samhliða nýju starfsleyfi.

**Kostir.** Í matsskýrslu kemur fram að síðastliðin ár hafi sorpurðunarmál á Vopnafirði verið skoðuð ítarlega, bæði í tengslum við skipulag urðunarsvæðisins og í vinnu við aðrar áætlanir í sveitarfélaginu. Nokkrir aðrir staðir hafi verið kannaðir sem mögulegir sorpurðunarstaðir fyrir Vopnafjörð ásamt nágrennabyggðum, gróðurfar hafi verið skoðað á hluta af stöðunum en ekki gerðar frekari rannsóknir á þeim enda þyki staðsetning núverandi urðunarstaðar afar heppileg og hagkvæm með tilliti til flestra atriða sem talin séu skipta mestu máli s.s. afmörkun frá byggð og fjarlægð frá upprunastað úrgangs. Auk þess séu það kostir við núverandi staðsetningu að komin sé löng reynsla á urðun. Svæðið sé á landi sem þegar hafi verið raskað að miklu leyti og þar sé jafnframt gott aðgengi fyrir ökutæki og vinnuvélar. Í matsskýrslu sé því aðeins fjallað um einn kost, sem felist í stækkun á núverandi urðunarsvæði.

**Núllkostur.** Fram kemur að framhald á óbreyttum rekstri feli samt í sér að endurnýja þurfi starfsleyfi fyrir 500 tonna árlega urðunarheimild auk þess sem ljóst sé að núverandi urðunarsvæði muni líklega ekki nýtast nema í um 3-5 ár til viðbótar. Að þeim tíma liðnum yrði að gera aðrar ráðstafanir vegna förgunar úrgangsins, t.d. að leggja þyngri áherslu á að finna ásættanlegan farveg fyrir sláturúrgang. Líklegast yrði ekið með heimilis- og rekstrarúrgang til næsta urðunarstaðar um 130 km í Tjarnarlandi á Fljótsdalshéraði. Hvorki þykir þó réttlætjanlegt að flytja umframsorp um svo langan veg til næsta urðunarstaðar eða hefja jarðgerð sláturúrgangs, þar sem rekstrargrundvöllur sé ekki fyrir hendi í landshlutanum eins og staðan er í dag.

### 3 NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

#### 3.1 VÆGISEINKUNNIR

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila hefur verið lagt mat á áhrif framkvæmda á tiltekna umhverfisþætti. Skipulagsstofnun gaf út leiðbeiningar árið 2005 og uppfærðar 2012 um flokkun umhverfisþátta, viðmið einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Þar er greint frá vægi áhrifa með vægiseinkunnum, þar sem neikvæðasta vægiseinkunnin er verulega neikvæð, þá talsvert neikvæð, síðan óveruleg, síðar talsvert jákvæð og að lokum eru mestu jákvæðu áhrifin metin sem verulega jákvæð. Í þessu áliti notar Skipulagsstofnun að mestu leyti vægiseinkunnir á sama hátt og gert er í fyrrnefndum leiðbeiningum stofnunarinnar. Skipulagsstofnun vinnur að endurskoðun þessara leiðbeininga og í ljósi reynslunnar telur stofnunin að í mörgum tilfellum þurfi að lýsa vægi áhrifa með vægiseinkunn sem stofnunin kallar nokkuð neikvæð eða nokkuð jákvæð sem væri þá millistig á milli talsvert neikvæðra/jákvæðra áhrifa og óverulegra áhrifa. Hér væri þá yfirleitt um að ræða staðbundin áhrif sem næðu ekki yfir umfangsmikið svæði og áhrifasvæðið nyti ekki verndar eða væri á annan hátt viðkvæmt fyrir breytingum, en áhrifin gætu verið varanleg og óafturkræf. Skipulagsstofnun notar hér hugtakið nokkuð neikvæð við mat á áhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar á umhverfið.

## 3.2 ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG

### 3.2.1 Loftgæði - lykt

Samkvæmt matsskýrslu er fjarlægð urðunarstaðar frá næsta íbúðarhúsi rúmir 550 m. Staðurinn uppfylli því fjarlægðarkröfur reglugerðar um sorpurðun. Framkvæmdaraðili urðunarstaðarins hafi umtalsverða stjórn á orsökum lyktarmengunar og geti lágmarkað hana með góðu verklagi í sínum daglegum rekstri. Hér eftir sem hingað til verði þess gætt að urðað verði á afmörkuðu svæði á hverjum tíma og loka því jafnóðum með því að hylja úrganginn með jarðvegi. Rekstaraðili muni einnig gæta þess að opna ekki svæði þar sem búið sé að urða til að valda ekki skyndilegri lyktarmengun. Þá verði þess einnig gætt að urða ekki úrgang sem geti valdið lyktarmengun t.d. fiskiúrgangi, sláturúrgangi og úrgangi úr fitugildrum í miklum suðvestan vindi, nema nauðsyn krefji.

Fram kemur að með tillit til viðmiða og einkenna áhrifa, sem stuðst sé við í matinu telji framkvæmdaraðili að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar af völdum ólyktar séu óveruleg og það komi lítið til með að breytast við áframhaldandi rekstur og stækkun urðunarsvæðisins.

Oftast séu áhrifin stað- eða svæðisbundin og í mörgum tilfellum einnig tímabundin. Til þessa hafi ekki borið á lyktarmengun frá urðunarstaðnum í þéttbýlinu enda náttúrlegar aðstæður við urðunarsvæðið, vindafar og fjarlægð að þéttbýlinu hagstæðar.

**Skipulagsstofnun** telur að með því verklagi við urðun sem framkvæmdaraðili kynni í matsskýrslu og sem raktar eru að hluta hér að ofan megi draga úr eða koma í veg fyrir að lyktarmengun berist frá urðunarstaðnum. Skammt er í þéttbýlið á Vopnafirði og því afar mikilvægt að allt sé gert til að koma í veg fyrir að ólykt leggi yfir bæinn. Skipulagsstofnun telur að ef vel tekst til að fylgja því verklagi sem fyrirhugað er verði neikvæð áhrif lyktarmengunar ekki veruleg.

### 3.2.2 Sjónræn áhrif

Í matsskýrslu kemur fram að urðunarsvæðið verði eftir stækkun girt af til að hindra umferð á svæðinu. Lág jarðvegsmön sunnan svæðisins takmarki sýn að því frá Norðausturvegi og með gróðursetningu í mönina megi draga enn frekar úr sjónrænum áhrifum urðunarstaðarins frá veginum. Á lóðamörkum vestur- og norðurhlíðar svæðisins verði gróðursett skjólbelti og við austurmörk urðunarsvæðisins taki við trjágróður skógræktarsvæðis sem muni þjóna sama tilgangi og skjólbeltin; að draga úr sýnileika urðunarsvæðisins. Fram kemur að gert sé ráð fyrir áfangaskiptingu svæðisins svo frágangur hvers áfanga geti hafist að loknum hverjum áfanga. Eftir að rekstartíma ljúki verði landslagsmótun með þeim hætti að hún falli vel að aðliggjandi umhverfi og gert sé ráð fyrir náttúrulegri afvötnun þannig að vatn safnist ekki innan urðunarsvæðisins. Tré og runnar verði gróðursettir eftir að urðun ljúki og muni þá svæðið falla vel að áformum skógræktarfélagins um að auka skógrækt við Tangaskóg. Með tíð og tíma muni urðunarsvæðið mynda samfellda trjáþekju og aðlagast sínu nánasta umhverfi. Fram kemur að áhrif á landslag og sjónræn áhrif verði staðbundin og tímabundin út rekstartímabil urðunarstaðarins og að mati framkvæmdaraðila verði þau óveruleg.

**Skipulagsstofnun** telur ljóst að manir og gróðursetning trjáplanta muni gera það að verkum að urðunarsvæðið verður mun minna áberandi á rekstartíma en ella og muni þessar aðgerðir draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum urðunarsvæðisins að því marki að þau verði ekki veruleg.

### 3.2.3 Áhrif vegna meindýra eða foks

Í matsskýrslu kemur fram að ekki sé talin hætta á að meindýr á borð við mink, ref, mýs eða rottur sæki í urðaðan úrgang, frekar en nú er. Helst geti verið hætta á að fuglar geti borið með sér sýkingu út af svæðinu inn á vatnsverndarsvæði vatnsbóla eða í brynningarvatn dýra. Ef staðið verði að urðun með þeim hætti að nægilega þykkur jarðvegur sé settur yfir urðaðan úrgang um leið og hann hefur verið settur í gryfjurnar, þá muni fuglarnir hafa afar takmarkaðan aðgang að úrganginum. Þar sem stefnt sé að sífellt lægra hlutfalli lífræns úrgangs í urðuðu sorpi, þá sé jafnframt líklegt að dragi úr ásóknum fugla. Það sé mat framkvæmdaraðila að áhrif af fuglum eða meindýrum á urðunarstað verði óveruleg.

Fram kemur að fokhætta sé mest af léttum úrgangi og ryki, þegar sorpbílar og gámar séu tæmdir í miklum vindi. Nokkur hætta geti einnig orðið á foki úr malar- og jarðvegshrúgum sem geymdar séu á svæðinu hverju sinni. Ekki sé talin mikil hætta af foki eftir að úrgangi hafi verið sturtað í urðunarholu og þar til hún hafi verið hulin. Ef tekin verði ákvörðun um að nota urðunarreinar til að bæta nýtingu svæðisins muni þær liggja þvert á ríkjandi vindáttir til að varna því að vindur nái sér á strik niðri í reinunum. Jafnframt verði leitast við að urða ekki í miklum vindi. Deiliskipulag geri ráð fyrir jarðvegsmönnum og skjólbeltum við útmörk urðunarsvæðisins sem

muni hindra að einhverju leyti hugsanlegt fok við urðun. Að öðru leyti geti góðir starfshættir við urðun stórlega dregið úr neikvæðum umhverfisáhrifum vegna foks ásamt því að gengið verði reglulega um vinnusvæðið og allt laust rusl tínt saman af yfirborðinu, girðingum og gróðri. Það er mat framkvæmdaraðila að áhrif af foki frá á urðunarstað verði óveruleg.

**Skipulagsstofnun** telur að þar sem urðað verður í niðurgrafnar gryfjur séu minni líkur en ella á því að sorp fjúki út fyrir urðunarstaðinn. Skipulagsstofnun telur að fohætta ráðist að mestu leyti af því verklagi sem viðhaft er á rekstrartíma. Mikilsvert er að koma í veg fyrir fok eins og kostur er þar sem skammt er í þéttbýlið á aðra hönd en á hina er Skógalón með sitt sérstaka lífríki. Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif af völdum foks verði ekki veruleg. Skipulagsstofnun telur víst að sorpurðunin muni draga að fugla og jafnvel refi og minka. Á meðan tekið er við miklum lífrænum úrgangi, ekki síst frá sláturhúsum, munu dýrin reyna að gera sér mat úr úrganginum. Afar brýnt er að haga verklagi við urðun á lífrænum úrgangi þannig að aðgengi að honum sé sem minnst og að koma honum undir jarðveg um leið og hann berst á urðunarsvæðið. Mikið er í húfi þar sem opið aðgengi dýra í lífrænan úrgang kann að hafa í för með sér útbreiðslu sýkinga. Verði það verklag viðhaldið að þekja lífrænan úrgang sem fyrst með jarðvegshulu þá telur Skipulagsstofnun að neikvæð áhrif af völdum meindýra verði óveruleg.

### 3.3 ÁHRIF Á GRÓÐUR OG DÝRALÍF

#### 3.3.1 Áhrif á gróður

Í matsskýrslu kemur fram svæðið sem muni fara undir urðun sé að langmestu leyti graslendi sem hafi undanfarin ár verið notað undir hrossabeit. Yfirborð núverandi urðunarsvæðis hafi að stórum hluta verið raskað en urðun hafi farið fram þar og fyrir norðvestan núverandi lóðarmörk. Við athuganir hafi komið í ljós að jarðvegur sé víðast hvar mjög rýr.

**Skipulagsstofnun** telur að framkvæmdirnar hafi óveruleg áhrif á gróður. Þó svo að gróður á framkvæmdasvæðinu verði fyrir beinni röskun vegna framkvæmdanna þá sé ljóst að verndargildi hans sé ekki mikið.

#### 3.3.2 Áhrif á fugla

Í matsskýrslu kemur fram að fjórtán fuglategundir sem fundist hafi Vopnafjarðarhreppi séu á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands en engin þeirra eigi búsvæði sitt innan framkvæmdasvæðisins en innan áhrifasvæðis framkvæmdanna sé nokkuð fjölskrúðugt dýralíf niðri við Skógarlón.

**Skipulagsstofnun** telur að fjölbreytilegasta fuglalífið á áhrifasvæði framkvæmdanna sé á Skógalóni. En gangi áform framkvæmdaraðila eftir eigi það ekki að verða fyrir neikvæðum áhrifum. Ekki sé fjölbreytt fuglalíf á framkvæmdasvæðinu og ekki kunnugt um fugla á valista á svæðinu. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á fugla verði óveruleg.

### 3.4 ÁHRIF Á VATN

Í matsskýrslu kemur fram að vatn í umhverfi urðunarstaðarins á Búðaröxl geti mengast vegna framkvæmdarinnar þ.e. grunnvatn, straumvatn í lækjum, yfirborðsvatn og Skógalón. En allt land á urðunarsvæðinu halli að Skógalóni. Lónið sé sjávarlón sem sé á Náttúruminjaskrá og kunnir að verða fyrir neikvæðum áhrifum af völdum sorpurðunarinnar. Jarð- og vatnafræðileg úttekt bendi til þess að berggrunnurinn á Búðaröxl sé mjög þéttur og hvorki sé talin ástæða til botnþéttingar urðunarsvæðisins né ástæða til að óttast að sigvatn hripi niður í jarðlög svæðisins.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands hafði verið bent á nauðsyn þess að dregið yrði úr vatnsrennsli í gegnum urðunarstaðinn annað hvort með skurði ofan hans eins og ráðgert hafi verið eða með því að leggja læk ofan urðunarstaðarins í rör til að draga úr magni þess vatns sem geti borist í urðaðan úrgang.

Í matsskýrslu er tekið undir sjónarmið Heilbrigðiseftirlitsins og bent á að mikilvægt sé að urðunarstaðir úrgangs séu sem þurrastir og skipulagðir þannig að ofanvatn mengist sem minnst og sem minnst magn mengunarefna berist í Skógalón. Til að minnka álag vegna mengaðs sigvatns verði hreinsað upp úr skurði við suðvesturhlið svæðisins. Yfirborðsvatn renni síðan um lækjarfarveg sem liggja niður með girðingunni sem þveri þjóðveg 85 við rimlahlið sem þar er. Lækurinn muni skila vatninu í Skógalón eftir sínum náttúrulega farvegi. Með því að grafa skurði meðfram urðunarsvæðinu og losna við blöndun á yfirborðsvatni megi hindra innrennsli vatns á urðunarsvæðið og halda magni sigvatns í lágmarki. Hins vegar sé aldrei hægt að útiloka að vatn ofan við urðunarsvæðið finni sér leið eftir malarlaginu undir haugunum og renni eftir því í átt að Skógalóni. Það þynni



sigvatnið áður en það berist í viðtakann. Til að ná utan um það sigvatn sem renni undan urðunarstaðnum verði grafinn skurður niður á malarlagið milli urðunarsvæðisins og Norðausturvegar og gengið frá því svæði þannig að það vatn stöðvist ekki þar eða liggi við jarðvegsyfirborðið. Fyrir neðan þjóðveginn verði einnig grafinn skurður niður á malarlagið, gengið frá drenlögnum og sigvatni safnað í lægsta punkt í þeirri lögn. Þaðan verði vatnið leitt í settjörn, einfalt hreinsivirki með malarefni. Settjörnin verði hönnuð með þeim hætti að óhreinindi í henni falli til botns auk þess sem vatnið loftist. Frá tjörninni verði vatnið leitt í síubeð neðan tjarnarinnar. Síubeðið sé gert þannig að grafinn verði gryfja með drenmöl og í hana verði komið fyrir drenlögnum sem leiði hreinsað sigvatnið í skurð eða lækjarfarveg. Ofan á drenmölina sé komið fyrir síulagi úr mó, sem skipta þarf um þegar virkni þess minnkar. Ofan á móluginu verði drenlag með dreifilögnum fyrir sigvatnið. Frá settjörninni sé hægt að leiða sigvatnið í plastlögnum eða leyfa því að renna eftir afmörkuðum lækjarfarvegi niður í Skógalón. Þetta fyrirkomulag myndi bæta enn frekar það góða ástand sem nú sé á þessu svæði varðandi losun á sigvatni, en sjá megi að fuglar sækja í næringarríkari gróður við lækinn sem renni frá urðunarsvæðinu eins og fyrirkomulagið sé í dag. Það sé þó rétt að hafa í huga að efnasamsetning sigvatnsins sé með þeim hætti að það gefi tæpast tilefni til að óttast áhrif þess á lífríkið í Lónabrekku eða Skógalóni. Rétt þygi engu að síður að safna sigvatninu saman svo halda megi utan um það, verði á því umtalsverðar breytingar. Grafinn verði skurður ofan við urðunarsvæðið og rennsli úr honum leitt í skurðinn suðvestan við urðunarsvæðið. Þetta sé gert til að draga úr vatnsflæði gengum urðunarsvæðið. Ekki sé leyfilegt að þynna sigvatn frá urðunarstað til að lækka mæligildi mengandi efna í vökvanum, enda sé heildarmagn mengandi efna í viðtaka sá þáttur sem fylgjast skuli með. Því þurrari sem urðunarstaðurinn sé, því hæggar skolist mengandi efni í gegnum hann. Af þeirri ástæðu sé mikilvægt að hindra eftir föngum að jarðvatn og ofanvatn renni í gegnum hauginn. Fram kemur að með tímanum muni draga úr mengun sigvatns vegna minnkandi urðunar lífræns úrgangs. Ef mælingar sýni hins vegar að mengun sigvatns fari yfir leyfileg mörk eða stofni lífríkinu í umhverfi sínu í hættu, verði, í samræmi við vöktun og viðbragðsáætlun, gripið til frekari ráðstafana til að hindra mengun.

**Skipulagsstofnun** tekur undir með Heilbrigðiseftirliti Austurlands og telur brýnt að halda afrennsli og gegnumstreymi vatns um urðunarsvæðið í lágmarki. Skipulagsstofnun telur mjög jákvætt að framkvæmdaraðili ætli að veita yfirborðsvatni í jarðvegi framhjá urðunarsvæðinu og draga þar með úr því vatnsmagni sem getur seytilað í gegnum úrganginn á svæðinu. Nauðsynlegt er að sjá til þess að sem minnst afrennsli frá urðuninni berist í Skógalón og hafi áhrif á lífríki þess. Skipulagsstofnun telur ekki líklegt að sigvatn mengi grunnvatn þar sem athuganir benda til þess að berggrunnur svæðisins sé mjög þéttur. Skipulagsstofnun telur að áhrif sigvatns frá starfseminni verði óveruleg þar sem fyrirhuguð hreinsun á sigvatni er líkleg til að hreinsa megnið af lífrænum efnum úr vatninu. Engu að síður telur Skipulagsstofnun nauðsynlegt að fylgjast með efnamengun frá urðunarsvæðinu líkt og fyrirhuguð er samkvæmt matsskýrslu.

### 3.5 STAÐA SKIPULAGS OG LEYFISVEITINGA

Varðandi stöðu skipulags og leyfisveitinga vegna stækkunar urðunarsvæðisins við Búðaröxl á Vopnafirði bendir Skipulagsstofnun á eftirfarandi:

- Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Vopnafjarðar 2006-2026.
- Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Vopnafjarðarhrepps skv. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012.
- Framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

## 4 NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og 24. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Vopnafjarðarhrepps sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Matsskýrsla Vopnafjarðarhrepps byggði á auglýstri frummatsskýrslu og umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og afstöðu framkvæmdaraðila til þeirra.

Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla Vopnafjarðarhrepps uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 18. grein reglugerðar nr. 1123/2005. Einnig telur stofnunin að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir athugasemdum og umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og þeim sé svarað á fullnægjandi hátt.

Skipulagsstofnun telur að mest hættu sé á neikvæðum áhrifum framkvæmdanna vegna foks annars vegar og mengaðs afrennslis hins vegar. Skipulagsstofnun telur að tiltölulega einfalt sé að koma í veg fyrir fok úrgangs

með vönduðu verklagi sem og með því að reyna að hreyfa ekki við sorpinu í miklum vindi. Skipulagsstofnun telur viðbúið að sigvatn af urðunarsvæðinu muni bera einhver merki þess að lífrænn úrgangur sé urðaður á svæðinu. En með fyrirhuguðum ráðstöfunum um að leiða vatn ofan urðunarsvæðisins fram hjá því ásamt því að leiða sigvatnið í gegnum síubeð áður en það berst í Skógalón verði dregið verulega úr gegnumstreymi vatns um svæðið og hættu á mengun Skógalóns. Skipulagsstofnun telur þær ráðstafanir mjög til bóta og líklegar til að draga mjög úr þeirri mengun sem annars gæti borist í Skógalón.

Reykjavík, 16. apríl 2014.

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson



# Skipulagsstofnun